

Sp. 10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]
um hvernig minnst skuli ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að íhuga og gera tillögur um með hverjum hætti minnst skuli á árinu 1974 ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi.

Forsætisráðherra skipar formann nefndarinnar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Að tæpum níu árum liðnum verður ellefu hundruð ára afmæli stöðugar byggðar á Íslandi. Sjálfsgagt er að svo merks afmælis verði minnst á viðeigandi hátt og þykir ráðlegt, að menn verði nú þegar settir til að íhuga það, því að ýmislegt kemur til greina, svo sem samning og útgáfa heillegar Íslandssögu, bygging nauðsynlegra þjóðhýsa, hátíðahöld í líkingu við þau, sem voru 1874 og 1930 o. fl.